

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 327. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 19. desember 2019 og hefst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar **kl. 12:00**.

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 9. desember 2019.
- 2) Fundargerð 132. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 12. desember 2019.
- 3) Fundargerð stjórnarfundar í Sorpurðun Vesturlands, dags. 11. desember 2019.
- 4) Fundargerð 876. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. nóvember 2019.
- 5) Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 12. desember 2019, varðandi gjaldskrárbreytingu í Fíflholtum.
- 6) Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 17. desember 2019, varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna golfvallar sunnan Rífs.
- 7) Minnisþingur bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 3. desember 2019**

**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

## **Fræðslunefnarfundur 9.des 2019 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl 20.**

Mættir: Gunnsteinn, Kristgeir, Kristín Guðjónsd, Inga Stefáns, Monika, Hilmar, Þorbjörg og Sigrún Erla.

### **Málefni leikskólanna (Inga):**

Allt gengur sinn vanangang. Ungbarnastofa opnaði nýlega í Kríubóli fyrir 12-18 mánaða gömul börn. 2 starfsmenn með allt að 7 börn. 3 börn eru byrjuð, 4 koma eftir áramót. Þegar börnin eru orðin 18 mán geta foreldri ákveðið á hvorn leikskólann þau fara.

Búið er að setja upp reglur í ungbarnastofu, meðal annars er þáttökuaðlögun þar sem foreldri er einn af starfsmönnum fyrstu 3 dagana, eftir það kemur foreldri svo hluta úr degi. Viðverutími barns er að hámarki 8 klst og ekki er boðið upp á aukatíma, s.s. korter í 8 og korter yfir 4. Viðverutími barns verður metið út frá vinnutíma foreldris. Bæta þurfti fleiri stólum, kannski þarf fleiri kerrur. Adriana er nýr starfsmaður, hún er leik-og grunnskólakennaramenntuð.

### **Málefni grunnskólans (Hilmar og Kristín):**

Jólaútvarpið hefst á morgun. Búið er að útbúa „Snillismiðju“ í Ólafsvík, útvarpsstúdíó. Þar geta nemendur farið og unnið margvísleg verkefni á fjölbreytilegan hátt (makers space).

Bókaveisla var í síðustu viku, 5 flottir rithöfundar komu og nemendur stóðu sig vel. Um 100 manns mættu.

Nýlega komu rithöfundar í heimsókn á allar 3 starfsstöðvar, Arndís Þórarinsdóttir og Bergrún Íris Sævarsdóttir. Þorgrímur Þráinsson kom í 10.bekk.

Samráðsfundur allra nefnda og ráða GSNB var haldinn á Búðum í haust og gekk mjög vel. Það komu 23 af 39 sem voru boðaðir. Ákveðið var að endurskoða skólareglurnar. Tillaga frá Hilmarí að fá formenn allra nefnda og ráða til að hittast í feb/mars sem einhvers konar millifundarnefnd og koma með tillögu að vinnuferli/reglum.

Forsetinn kom í heimsókn í lok október og gekk mjög vel.

Meningarmót var fyrir fjölmenningsráttina. Tókst mjög vel. Krakkarnir tóku mjög virkan þátt.

Danskur farkennari kom í 6 vikur sem var mjög gott. Styrkti aðra dönskukennara.

Skólinn vinnur nú að innleiðingu 2ja verkefna:

1. Læsisfimman. 13 kennarar fóru til Denver á námsstefnu. Læsisfimman er nokkurs konar rammi utan um það sem verið er að kenna og hægt að yfirfæra á allar námsgreinar. Kennarar sjá nú þegar framfarir í sumum bekkjum. Byrjað er í 1.-7.bekk. Skólinn fékk gesti frá menntamálastofnun til að fylgjast með, skoða og ræða við kennarana. Skólinn er hvattur til að vera „móðurskóli“ Læsisfimmunar – s.s. að breiða út boðskapinn, fá til sín gesti gesti, halda námskeið o.fl.
2. ART (Aggressive replacement training). Snýst í stuttu máli um að kenna félagsleg samskipti. Það verða 3 tegundir af tímum (siðferði, sjálfstjórn og félagsfærni). Kennt í gegnum leik að hluta. Prófað verður í 3 bekkjum.

Vitað er um 1 kennara sem er að hætta. Annars lítur starfsmannamál næsta skólaárs vel út.

Niðurstöður PISA rannsóknar rætt. Hilmar telur skólann gera góða hluti, meðal annars með innleiðslu læsisfimmuna.

**Fundið slitið kl 21.**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Halldór  
Kristinsson Illugi Jens Jónasson  
Davið Viðarsson Magnús  
Eiríksson Kristjana  
Hermannsdóttir

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 132132. fundur umhverfis- og  
skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 12. desember 2019  
og hófst hann kl. 09:30.

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davið Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Valgerður Hlín Kristmannsdóttir og Matthías Páll Gunnarsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

### 1. Kvenfélag Ólafsvíkur\_Ósk um úthlutaðan reit við Bæjarlækinn - 1912005

Kristín Vigfúsdóttir, formaður Kvenfélags Ólafsvíkur sækir um fyrir hönd félagsins um að Kvenfélag Ólafsvíkur fái úthlutaðan reit fyrir minnismarki á gilbakkanum við Bæjarlækinn. Á árum áður var leikvöllur félagsins staðsettur á bakkanum, nálægt Leikskólanum Krílakoti. Ástæðan fyrir minnismarkinu er sú að félagið vill minnst 70 ára afmælis Kvenfélags Ólafsvíkur með því að reisa minnismarki á þessum reit þar sem starfi félagsins sé minnst en það stofnaði leikskóla í Ólafsvík 7. febrúar 1972.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Staðsetning minnismarkis verði ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa og kynnt nefndinni áður minnismarkinu verði endilega komið fyrir.*

### 2. Gamli Kaupstaður\_lýsing fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu - 1905013

Tvær athugasemdir bárust eftir að lýsing vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu vegna Gamla Kaupsstaðar var send til umsagnaraðila og grenndarkynningar. Athugasemdir sem bárust voru sendar til umsækjanda, Tjalbúðaóss ehf., en þeim var svarað með bréfi frá Sigurði Sigurjónssyni, þann 3. desember 2019. Athugasemdir úr grenndarkynningu og svarbréf Sigurðar Sigurjónssonar kynntar nefndinni.

*Eftir yfirferð á málinu telur umhverfis- og skipulagsnefnd fyrirhugað byggingarmagn of mikið. Einnig telur nefndin að fækka ætti húsum úr fjórum í þrjú. Um sé að ræða viðkvæmt svæði sem taka þarf tillit til og hvergi í Snæfellsbæ sé um álíka stór frístundarhús að ræða.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd heimilar að unnið verði áfram að skipulagstillögu m.v. þrjú hús eða tvö ný. Gerður verði lóð og byggingarreitur utan um hvert hús. Á hverri lóð meigi reisa frístundarhús allt að 140 fermetrum, þar með talin aðalhæð, ris og gestahús.*

M. E

H. K

777

MPC

KA

GA



# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Vegna þess hve viðkvæmt svæðið er þarf að taka tillit til umsagnaraðila eftir fremsta megni og tryggja aðgengi að nægu slökkvivatni vegna aukins byggingarmagns.*

*Einnig þarf að liggja fyrir skriflegt samkomulag um aðgengi vegna aukinnar umferðar. Nefndin bendir á að ekki verði á neinum tímapunkti leyfilegt að setja sjóvarnir á þessu svæði.*

## 3. Golfvöllur sunnan Rífs\_Fyrirhugaðar breytingar aðalskipulags - 1904007

Gerð er breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna fyrirhugaðs golfvallar sunnan Rífs. Hið nýja fyrirhugaða svæði fyrir golfvöll var óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi en er breytt í íþróttasvæði íþ-3.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að aðalskipulagsbreyting fari í lögboðið ferli og feli skipulagsfulltrúa að láta ganga frá lokafrágangi tillögunnar.*

## 4. Grundarbraut 13\_Viðbygging við einbýlishús - 1912001

Fyrirhuguð er stækkun á Grundarbraut 13. Óskað er eftir leyfi til að gera 10,7 fm viðbyggingu við vesturhlið hússins sem í eiga að vera forstofa og þvottahús. Einnig er óskað eftir því að fá að setja í húsið nýja glugga og hurðir, að klæða húsið með aluzinkbáru og gera timburpall við austurhlið hússins.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.*

## 5. Akrar 2\_Umsókn um byggingarleyfi fyrir starfsmannahúsum sem eru á stöðuleyfi - 1912002

Sigríður Einarsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir tveimur starfsmannasmáhúsum á lóð sinni sem hingað til hafa verið á stöðuleyfi. Húsin eru hvort um sig 24,3 fm en sökum smæðar lóðar er talið að aðrar staðsetningar séu nánast útilokaðar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 6. Sölvaslóð 1\_Sölvahamar slf. sækir um byggingarleyfi fyrir 128 fm. húsi - 1905003

Jóhann Jónsson (Sölvahamar slf.) sækir um byggingarleyfi fyrir 128 fm (brúttó) frístundahúsi að Sölvaslóð 1, Arnarstapa.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 7. Norðurtangi 3\_Endurnýjun umsóknar vegna klæðningar - 1912007

Vigfús Þráinn Bjarnason sækir um fyrir hönd B. Vigfússonar ehf. um endurnýjun leyfis fyrir klæðningu á Norðurtanga 3. Klæðningin verður í sama stíl og sú sem fyrir er.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

## 8. Háarif 13\_Umsókn um byggingarleyfi - 1912008

Hjálmar Kristjánsson sækir um byggingarleyfi fyrir hönd KG fiskverkunar. Áætlað er breyta innra fyrirkomulagi á kjallara og 1. hæð Háarífs 13, breyta á hvorri hæð í þrjá íbúðir, ásamt því færa bílskúr í upprunalegt horf.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu og samþykki umsagnaraðila.*

## 9. Ólafsbraut 82\_Umsókn um stöðuleyfi - 1912006

Michael Gluszuk sækir um fyrir hönd Rarik ohf. um stöðuleyfi fyrir einum gám að Ólafsbraut 82, Ólafsvík.

777

MPC

M. G. Mik. 27



## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að leitað verði varanlegri lausna.*

### 10. Ólafsbraut 1\_Umsókn um stöðuleyfi - 1912003

Sigrún Fjóla Sigþórsdóttir sækir um fyrir hönd Hita/Tema ehf. um stöðuleyfi fyrir einn gám að Ólafsbraut 1.

### 11. Klifbrekka 6A\_Breyting á notkun húsnæðis - 1912004

Karl Pétursson sækir um breytingu á húsnæði að Klifbrekku 6A úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.

*Illugi Jónasson víkur af fundi.*

*Fallist er á íbúð í húsinu. Íbúðin er á athafnarsvæði og er ekki hægt að gera athugasemdir við slíka starfsemi á reitnum. Íbúðin er frávik þar sem landnotkun er athafnarsvæði. Í aðalskipulagi er gefið visst svigrúm fyrir íbúðir, sérstaklega á efri hæðum á athafnarsvæðum. Erindið er samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu, gengið verði frá lóðarblöðum fyrir Klifbrekku 6 og 6a og settar verði inn kvaðir fyrir umferð.*

*Illugi Jónasson kemur aftur inn á fund.*

### 12. Götu- og torgsölur í Snæfellsbæ\_Tæknideild Snæfellsbæjar leggur til tillögu að reglum um götu- og torgsölu í Snæfellsbæ - 1802013

Tillaga að breytingum á reglum varðandi söluvagna.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir breytingar á reglum.*

### 13. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006

Niðurrif á Ólafsbraut 62-64

- Staðan á áætlun um niðurrif rædd.

Betri Snæfellsbær

- Valin verkefni til framkvæmda kynnt fyrir nefndinni.

Fundarplan 2020

- 16. janúar

- 20. febrúar

- 19. mars

- 16. apríl

*Hjálldar.*

*[Handwritten signature]*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45.

*Kristjana Hermannsdóttir  
Fellugi Tom Tarnum  
Majun Einarsson  
Matthias Póll Gunnarsson*



## F U N D A R G E R ð

### **Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 11. desember 2019 kl. 14:00 í Borgarnesi**

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Sævar Jónsson, Unnur Þóra Sigurðardóttir, Finnbogi Leifsson, Karitas Jónsdóttir, og Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Eyjólfur Ingvi Barnason. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

#### **1. Fundargerð síðasta fundar 21. október 2019.**

Samþykkt

#### **2. Gjaldskrá 2020.**

Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir Sorpurðun Vesturlands hf. Gjaldskráin inniheldur fleiri gjaldaliði sem taka mið af sorpflokkum. Ræddir allir sorpflokkar og skoðað með mismunandi gjöld pr. kg. eftir flokkum. Sævar og Karitas óskuðu eftir að sjá yfirlit yfir fjárfestingar og framtíðarverkefni. Eyjólfur kom með tillögu um að fresta samþykkt gjaldskrár fram undir fundarlök, eða þar til fjárhagsáætlunarumræðu hefur verið lokið og var það samþykkt. Bætt var við lið nr. 11.

#### **3. Útkomuspá 2019.**

Lögð fram og rædd.

#### **4. Fjárhagsáætlun 2020**

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Farið var yfir áætlunina en útgjaldaliðir hafa verið áætlaðir fyrir árið. Framkvæmdastjóri lagði m.a. fram tillögu um kaup á nýjum troðara og brennsluofni fyrir dýrahæ. Telur framkvæmdastjóri mikið öryggisatriði að endurnýja svo mikilvæga vél í rekstri fyrirtækisins en eldri troðari var keyptur nýr í lok árs 2007.

Í tengslum við fjárfestingaráætlun var rætt um löggjöf um meðhöndlun úrgangs og nýjar kvaðir sbr. dýrahæ sem skal komið í viðurkennda meðhöndlun og mun urðun brátt bönnuð.

Áætlun samhljóða samþykkt með breytingum á fjárfestingaráætlun.

#### **5. Framtíðarverkefni.**

Í tengslum við fjárfestingaráætlun Sorpurðunar Vesturlands var rætt um löggjöf um meðhöndlun úrgangs og nýjar kvaðir sbr. dýrahæ sem skal komið í viðurkennda meðhöndlun og mun urðun brátt bönnuð. Einnig var rætt um lífrænan úrgang og farið yfir það að vonandi næðust samningar við Sorpu varðandi lífrænan heimilisúrgang en það er verkefni sem þar að vera

komið með lausn á árinu 2020, þannig að sveitarfélögin geti gert þær ráðstafanir sem þau kjósa í þeim málum.

Formaður ræddi þær fjárfestingar sem þarf að fara í á urðunarstaðnum í Fíflholtum á næstunni. .

- a. Brennsluofn fyrir dýrahæ.
- b. Nýr troðari
- c. Hönnun á nýrri urðunarrein
- d. Óverulegar breytingar á deiliskipulagi.
- e. Umhverfismat vegna nýrrar urðunarreinar.
- f. Enn frekari fokvarnir
- g. Áframhaldandi gróðursetning.

### **6. Ábyrgðargjald.**

Lögð fram tillaga um hækkun á ábyrgðargjaldi í 0,6 kr. pr. kg. Ábyrgðargjaldi er ætlað að standa undir rekstri urðunarstaðarins í þrjátíu ár eftir lokun hans. Samþykkt samhljóða.

### **7. 20 ár frá upphafi starfseminnar 3. des.**

Formaður og framkvæmdastjóri reifuðu starfsemina en 3. desember sl. voru liðin tuttugu ár frá upphafi urðunar í Fíflholtum.

### **8. Rekstur í Fíflholtum**

#### **a. Malbiksframkvæmdir**

Bíð er að vinna svæðið sem á að malbika undir slitlagið. Beðið er eftir hentugum malbikunardegi.

#### **b. Rafmagnsvæðing út á urðunarsvæðið**

Lagður hefur verið rafmagnskapall út að urðunarsvæðinu.

#### **c. Öryggismyndavélar og merkingar**

Framkvæmdastjóri sagði frá verkefninu.

Einnig sagði Hrefna frá því að unnið hefði verið að því að koma á fót hreinsunarflokki til að tryggja betur hreinsun á svæðinu og nærumhverfi.

### **9. Erindi**

#### **a. Svar við erindi Gámaþjónustan/Terra**

Lagt fram

#### **b. Svar við erindi Sorpstöð Suðurlands**

Lagt fram

### **10. Samráðsnefnd**

#### **a. Lagðar fram fundargerðir frá 28.10. og 25.11.2019**

Rætt um samtal Sorpu bs. og Sorpurðunar Vesturlands hf. um farveg fyrir lífrænan úrgang frá Vesturlandi til meðhöndlunar í gas- og jarðgerðarstöð. Á móti komi til urðunar óvirkur úrgangur í Fíflholt.

### **11. Gjaldskrá:**

Tekið að nýju fyrir tillaga að gjaldskrá. Gjaldskrá, tillaga samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur, en Sævar og Unnur voru móti.

Unnur Þóra lagði til sér gjaldskrá fyrir þau sveitarfélög sem eru búin að flokka frá lífrænan úrgang og hefði sér lið í gjaldskrá. Breytingartillagan felld.



## 12. Önnur mál.

### a. Lögð fram bókun frá Skipulags- og umhverfissráði Akraneskaupstaðar, dags. 9.12.2019.

Sendur vegna hugmynda að breyttri gjaldskrá. Lagt fram.

### b. Bréf til Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi frá eigendum jarða á Mýrum.

Lagt fram afrit af bréfinu.

Kristinn tilkynnti stjórnarmönnum að hann ætlar að hætta í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. á næsta aðalfundi. Hann sagðist vera búinn að vera í stjórn Sorpurðunar Vesturlands frá árinu 1999 og því væri komið gott. Hann sagðist jafnframt hafa talað fyrir daufum eyrum til sveitarstjórnarmanna nú undanfarið varðandi verkefni framtíðarinnar hvað sorpmál varðar á Vesturlandi og við engan annan væri að sakast en hann sjálfan, þ.e. að hafa ekki komið þessu betur til skila og því væri rétt að hleypa öðrum að til að framfylgja þessum mikilvægu málum fyrir Vesturland. Ljóst lægi fyrir, að ef vel tækist til að gera breytingar í Fíflholtum á næstu þremur árum þá gæti Vesturlandi náð góðri lausn varðandi sorpmálin sem væri bæði fjárhagslega hagkvæm og umhverfisvæn fyrir svæðið til framtíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:25

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir

Sorpflokkar	Gjaldskrá Sorpurðun Vesturlands.	2020
	Verð án vsk.	Kr.
02 01 99	Veiðarfæri	25
02 01 02	Sláturúrgangur og dýrahæ	19
02 02 00	Úrgangur frá vatns- Og sjávareldi og fiskveiðum	13
02 02 00	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	13
03 01 03	Spænil, bútar, kurlað timbur	3
03 01 05	Timbur, ókurlað	10
13 05 08	Blandaður úrgangur úr sandföngurum og olíuskiljum	10
15 01 02	Heyrúlluplast óendurvinnanlegt	10
17 00 00	Úrgangur frá byggingu og niðurrifi mannvirkja	10
17 02 03 1	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	15
17 06 01	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	15
17 06 01 1	Asbest sementssteypurör	15
20 01 02	Gler	10
20 01 99	Húsgögn	12
20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum	10
20 03 04	Eðja frá rotþróum, skólphreinsun	15
20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	10
	Kefli 25.000 pr. stk.	25000
	Flokka þarf allan farm við móttöku * (200308)	20
*Vinsamlegast athugið að þessi gjöld koma til viðbótar almennum komugjöldum vegna urðunar		
Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2020.		

# Fundargerð 876. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 29. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Skúli Þór Helgason, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Gauti Jóhannesson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Kristján Þór Magnússon og Jón Björn Hákonarson boðuðu forföll. Eyþór Laxdal Arnalds var fjarverandi.

Gauti Jóhannesson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 875. fundar - 1810033SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 875. fundar stjórnar sambandsins frá 25. október 2019.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

Ásgerður kom inn á fundinn kl. 12:15.

### 2. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 122. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 13. nóvember 2019.

*Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með vel heppnað skólaping og þakkar þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd fyrir vel unnin störf.*

### 3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram fundargerð 51. fundar verkefnisstjórnar hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. nóvember 2019.

### 4. Tilnefning nýrra fulltrúa í Policy nefnd CEMR kjörtímabilið 2020-2022 - 1911090SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 13. nóvember 2019, um tilnefningar til Policnefndar CEMR kjörtímabilið 2020-2022.

*Samþykkt að tilnefna Aldísi Hafsteinsdóttur, Heiðu Björgu Hilmisdóttur og Jón Björn Hákonarson sem aðalmenn og Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, Eyþór Laxdal Arnalds og Ásgerði Gylfadóttur sem varamenn.*

**5. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 1810076SA**

Lögð fram fundargerð 37. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 26. nóvember 2019. Í tengslum við fjórða lið fundargerðar var lagt fram til kynningar bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 22. nóvember 2019.

*Stjórnin telur útilokað að niðurstaða náist um yfirfærslu allra þjóðvega fyrir lok þessa árs og leggur því til að breyting verði gerð á bráðabirgðaákvæði við vegalög eins og lagt er til í bréfi SSH. Sem fyrst verði jafnframt fundin ásættanleg niðurstaða milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga, á grundvelli vandaðrar ástands- og kostnaðargreiningar viðkomandi samgöngumannvirkja.*

**6. Fundir Jónsmessunefndar - 1901041SA**

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 23. október 2019.

*Stjórnin tekur undir bókun nefndarinnar um að opinberir launagreiðendur muni efna þau fyrirheit sem fram koma í 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016, um jöfnun kjara milli markaða.*

**7. Kjarasamningar 2019 - 1911093SA**

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags vélstjóra og málm-tæknimanna, Samiðnar og Matvís, dags. 13. nóvember 2019, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt skilningsskjali, dags. 13. nóvember 2019, og kynningu á samningunum.

Einnig var staða kjaraviðræðna kynnt munnlega undir þessum lið.

*Kjarasamningarnir staðfestir.*

**8. Minnisblað um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 14. nóvember 2019, um tilnefningu aðalmanns í verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

*Samþykkt að tilnefna Steinþór Þórðarson í verkefnisstjórnina í stað Jóns Norðfjörð sem hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri KÖLKU sf.*

**9. Breytingastjóri stafrænnar þjónustu - 1910029SA**

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 18. nóvember 2019, um framlag úr jöfnunarsjóði vegna ráðningar breytingastjóra stafrænnar þjónustu hjá sambandinu, ásamt tilheyrandi erindi með beiðni um styrk vegna ráðningarinnar, dags. 17. október 2019.

*Stjórnin þakkar ráðherra sveitarstjórnarmála fyrir þann velvilja sem hann sýnir sambandinu í þessu mikilvæga verkefni með því að samþykkja beiðnina.*



**10. Starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 1909023SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020.

*Starfsáætlun stjórnar sambandsins samþykkt.*

**11. Starfshópur til að skilgreina gróðurelda sem náttúruvá og móta tillögur um skuldbindingu innviða samfélagsins gagnvart henni - 1911008SA**

Lagt fram bréf Borgarbyggðar, dags. 31. október 2019, um beiðni um skipan starfshóps sem hafi það verkefni að skilgreina gróðurelda sem náttúruvá og móta tillögur um skuldbindingu innviða samfélagsins gagnvart henni.

*Samþykkt að taka upp viðræður við fjármálaráðuneytið efni erindisins.*

**12. Úrskurður um gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur - vatnsveita - 1904006SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 25. nóvember 2019, um álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um vatnsgjald, ásamt bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2019, um úrskurð í máli nr. SRN17040840, á grundvelli 109. gr. sbr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þar sem deilt var um ákvörðun vatnsveitu á upphæð vatnsgjalds í gjaldskrá, sem tekin var á grundvelli 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, og minnisblað Björns I. Óskarssonar, lögfræðings, dags. 25. október 2019, um gjaldskrá vatnsveitna og fjármagnskostnað. Einnig lögð fram bréf og minnisblöð Samorku um málið.

*Stjórnin leggur til að skipaður verði starfshópur skipaður fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samorku og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem yfirfari þau álitaefni sem kunna að vera til staðar varðandi framkvæmd laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 í kjölfar úrskurðar ráðuneytisins dags. 15. mars sl. og álits þess dags. 13. nóvember sl. Sérstaklega verði forsendur fyrir vatnsgjaldi og grundvöllur þess skoðaður og leiðbeiningar gefnar þar að lútandi. Minnisblaði um störf hópsins, ásamt mögulegum tillögum um breytingar á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga og eftir atvikum öðrum lögum, verði skilað fyrir lok febrúar 2020.*

**13. Viðmiðunarreglur um framlög sveitarfélaga til stjórnmalasamtaka - 1910025SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 6. nóvember 2019, um viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalasamtaka sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 162/2006.

*Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar.*

Skúli vék af fundi kl. 14:45.

**14. Vegna tilnefningar í samráðsnefnd um fiskeldi - 1907010SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Þingeyjarsveitar, dags. 6. nóvember 2019, vegna tilnefningar í samráðsnefnd um fiskeldi.

*Stjórn sambandsins telur að í erindi framkvæmdastjóra til Þingeyjarsveitar komi fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir þeirri tilnefningu sem er til umfjöllunar í þessu máli.*

**15. Fræðsla og upplýsingamiðlun í málaflokki fatlaðs fólks - 1909027SA**

Tekin upp að nýju umræða um fræðslu og upplýsingamiðlun í málaflokki fatlaðs fólks, sem áður var á dagskrá stjórnar sambandsins 25. október 2019, en þá óskaði stjórn eftir því að starfsmenn sambandsins útfæri hugmyndir að námskeiðum til að auka kostnaðarvitund starfsfólks í félagsþjónustu og bæta samræmingu, skráningu og eftirfylgni með lögum og reglum.

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 25. nóvember 2019, um málið.

*Stjórn sambandsins lýsir sig samþykka þeim hugmyndum um fræðslu og upplýsingamiðlun sem fram koma í minnisblaðinu.*

**16. Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð - 1908025SA**

Lagt fram minnisblað verkefnisstjóra í úrgangs- og umhverfismálum og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 26. nóvember 2019, um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð, ásamt drögum að stefnunni, dags. 26. nóvember 2019.

*Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um samfélagslega ábyrgð. Jafnframt lýsir stjórnin yfir ánægju með það frumkvæði sem stjórnendur og aðrir starfsmenn sambandsins sýna með þeirri vinnu sem liggur að baki þessari stefnu.*

Rakel vék af fundi kl. 14:50.

**17. Tilnefning Íslenska málnefnd - 1910019SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2019, þar sem Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla, er tilnefndur sem aðalmaður í Íslenska málnefnd, og er Ingibjörg Einarsdóttir, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

**18. Tilnefning í forhóp kennararáðs - 1910044SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2019, þar sem Karl Frímannsson, sviðsstjóri fræðslusviðs Akureyrarbæjar, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í forhóp kennararáðs. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**19. Tilnefning í starfshóp um styrkingu leikskólastigsins - 1910045SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2019, þar sem Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um styrkingu leikskólastigsins.

**20. Tilnefning í starfshóp til að móta tillögur að aðgerðum gegn matarsóun - 1910009SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 25. október 2019, þar sem Eygerður Margrétardóttir, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp til að móta tillögur að aðgerðum gegn matarsóun. Einnig

lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 5. nóvember 2019, þar sem Eypór Guðmundsson, innkaupa- og tæknistjóri Ísafjarðarbæjar, er tilnefndur sem varamaður í starfshóp til að móta tillögur að aðgerðum gegn matarsóun.

**21. Tilnefning í starfshóp um heilsueflingu aldraða - 1910030SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 28. október 2019, þar sem Guðrún Magnúsdóttir, lýðheilsufræðingur Reykjanesbæjar, og Valdimar Víðisson, formaður fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um heilsueflingu aldraða. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**22. Endurtilnefning í Vatnaráð - 1605089SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 5. nóvember 2019, þar sem Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er tilnefnd sem aðalmaður í vatnaráð, í stað, Helgu Hreinsdóttur, heilbrigðisfulltrúa Heilbrigðiseftirlits Austurlands, sem beðist hefur lausnar.

**23. Tilnefning í stjórn Vinnueftirlits ríkisins - 1911002SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2019, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalfulltrúi, í stjórn Vinnueftirlits ríkisins, og er Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, tilnefndur til áframhaldandi setu sem varafulltrúi.

**24. Tilnefning í Félagisdóm - 1911007SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2019, þar sem Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, er tilnefndur til áframhaldandi setu í Félagisdómi.

**25. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga - 1908018SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 29. október 2019, um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, 148. mál.

**26. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða - 1910042SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 29. október 2019, um drög að frumvarpi til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.



27. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 - staðsetning áfengisverslunar - 1910054SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 31. október 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 (staðsetning áfengisverslunar), 53. mál.
28. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, frádráttur vegna kolefnisjöfnunar - 1910041SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 31. október 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna kolefnisjöfnunar), 27. mál.
29. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 - 1910057SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 31. október 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, mál nr. 260/2019.
30. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar - hálfur lífeyrir - 1911004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 5. nóvember 2019, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar (hálfur lífeyri).
31. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátækniorspennslustöðvar - 1910024SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. nóvember 2019, um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátækniorspennslustöðvar, 86. mál.
32. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum - lenging á rétti til fæðingarorlofs - 1911081SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (lenging á rétti til fæðingarorlofs), mál nr. 270/2019, ásamt meðfylgjandi minnisblaði, dags. 15. maí 2017.
33. **Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla - ritfangakostnaður - 1911012SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2019, um um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (ritfangakostnaður), 230. mál.
- Guðmundur Ari sat hjá undir þessum lið.

**34. Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi - 1911077SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins og Samtaka atvinnulífsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2019, um drög að breytingu á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi, mál nr. 276/2019.

Bjarni Jónsson sat hjá undir þessum lið.

**35. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda - samræmd móttaka flóttafólks og breyting á skipan í innflytjendarád - 1911094SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2019, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda (samræmd móttaka flóttafólks og breyting á skipan í innflytjendarád).

**36. Umsögn um frumvarp um innheimtu skatta og gjalda - 1909006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 25. nóvember 2019, um frumvarp um innheimtu skatta og gjalda, 314. mál.

**37. Umsögn um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni - neyslurými - 1911009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 26. nóvember 2019, um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 328. mál.

**38. Samkomulag um íslensku menntaverðlaunin - 1809017SA**

Lagt fram til kynningar samkomulag milli embætti forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Félags um menntarannsóknir, Grunns - félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeildar Háskólans á Akureyri, Kennarasambands Íslands, Menntamálastofnunar, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, um að taka höndum saman og veita árlega viðurkenningu fyrir framúrskarandi skólastarf eða aðrar umbætur í menntamálum, dags. 5. nóvember 2019.

**39. Haustþing Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 1902011SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 15. nóvember 2019, um haustþing Sveitarstjórnþings Evrópuráðsins sem haldið var dagana 28.-31. október 2019 - Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið.

**40. Lækkun framlaga úr jöfnunarsjóði við lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts - 1909026SA**

Lagt fram til kynningar bréf Borgarbyggðar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 31. október 2019, um lækkun framlaga úr jöfnunarsjóði við lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts.

**41. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára - 1905027SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 1. nóvember 2019, um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára.

**42. Niðurstaða ráðstefnumats fjármálaráðstefnu 2019 - 1511181SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 18. nóvember 2019, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu 2019.

*Stjórn sambandsins lýsir yfir ánægju með vel heppnaða fjármálaráðstefnu og þakkar þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd hennar fyrir vel unnin störf.*

Fundi var slitið kl. 15:20

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eyþór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson



---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

framkvæmdastjóri

---

ritari



Berist til sveitarfélaga á Vesturlandi.

Borgarnesi 12. desember 2019

### **Gjaldskrárbreyting í Fíflholtum**


Á stjórnarfundum Sorpurðunar Vesturlands sem haldinn var þann 11. desember sl. var samþykkt að breyta gjaldskrá vegna urðunar í Fíflholtum frá og með 1.1.2020. Gjaldskráin verður nú brotin upp í fleiri gjaldskrárflokka og er meðfylgjandi.

Mikil umræða verð um gjaldskrá fyrirtækisins á stjórnarfundum Sorpurðunar Vesturlands þann 11. des. sl. þar sem mismunandi sjónarmið komu fram. Stjórnarmenn samþykktu að hækkun þar sem framundan eru stór og umfangsmikil verkefni á vegum fyrirtækisins eins og:

Endurnýjun troðara  
Hræbrennsluofn  
Hönnun og framkvæmd á nýrri urðunarrein  
Umhverfismat  
Fokvarnir  
Gróðursetning

Troðarinn sem er í eigu fyrirtækisins er orðinn tólf ára gamall og endurnýjun verður að eiga sér stað. Hjá því verður ekki komist komist, ef víkka á út starfsemina í Fíflholtum og mæta þeim kröfum sem Evrópulöggjöf setur, m.a. að koma upp brennsluofni fyrir dýrahæ. Byrjað er að skoða að stækka urðunarsvæðið til austurs og hanna þarf það svæði fyrir viðbótar- urðunarsvæði. Þar þarf að hanna nýja urðunarrein eða reinar og hanna útboðsgögn. Það eru því gríðarlega kostnaðarsöm verkefni sem biða félagsins.

Virðingarfyllst.  
f.h. stjórnar SV

  
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.



**GJALDSKRÁ**  
Urðunarstaður í Filholtum  
Gildir frá 1. janúar 2019



Sorpurðun Vesturlands

Sorpflokkar	Gjaldskrá Sorpurðun Vesturlands.	2020
02 01 99	Veiðarfæri	25
02 01 02	Sláturúrgangur og dýrahæ	19
02 02 00	Úrgangur frá vatns- Og sjávareldi og fiskveiðum	13
02 02 00	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	13
03 01 03	Spæni, bútar, kurlað timbur	3
03 01 05	Timbur, ókurlað	10
13 05 08	Blandaður úrgangur úr sandföngurum og olíuskiljum	10
15 01 02	Heyrúlluplast óendurvinnanlegt	10
17 00 00	Úrgangur frá byggingu og niðurrifi mannvirkja	10
17 02 03 1	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	15
17 06 01	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	15
17 06 01 1	Asbest sementssteypurör	15
20 01 02	Gler	10
20 01 99	Húsgögn	12
20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum	10
20 03 04	Eðja frá rotþrómi, skólphreinsun	15
20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	10
	Kefli 25.000 pr. stk.	25000
	Flokka þarf allan farm við móttöku * (200308)	20
	Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2020.	

Vinsamlegast athugið að þessi gjöld koma til viðbótar almennum komugjöldum vegna urðunar





# SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

Bt.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar


Snæfellsbær, 17. desember 2019

## Efni: Golfvöllur sunnan Rifs - Fyrirhugaðar breytingar aðalskipulags

Gerð er breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna fyrirhugaðs golfvallar sunnan Rifs. Hið nýja fyrirhugaða svæði fyrir golfvöll var óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi en verður breytt í íþróttasvæði Íþ-3. Þann 12. desember 2019 fjallaði umhverfis- og skipulagsnefnd um fyrirhugaðar breytingar aðalskipulags vegna golfvallar sunnan Rifs á 132. fundi sínum og samþykkti að aðalskipulagsbreytingarnar færu í lögboðið ferli.

Óskað er eftir að bæjarstjórn samþykki að kynna drög skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með fundi eða öðrum fullnægjandi hætti. Áætlað er að kynning verði strax eftir áramót. Eftir kynninguna verður tillögu breytt ef ástæða er til og hún send bæjarstjórn með það í huga að sækja um heimild til Skipulagsstofnunar um að auglýsa breytingu aðalskipulags með 6 vikna athugasemdafresti.

Virðingarfyllt,

  
Davíð Viðarsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Fylgigögn:  
Skipulagsuppdráttur





